



## © Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirslluna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Per Bleikelia forstjóri hefur vakið athygli fyrir góða stjórn og hlotið fjölda verðlauna fyrir. Mynd/gag

## Gefa þarf starfsfólki sjálfstraust í starfi

Þetta segir Per Skaugen Bleikelia, forstjóri Martina Hansens sjúkrahússins í Osló

### ■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Sjálfstraust er lykillinn að góðu starfsumhverfi. Ég vil sjá sjálfstraust hjá hverjum einasta starfsmanni stofnunarinnar. Ég trúi því að við vinnum öll í sama liði og ef stjórnandi ákveði að stýra fólki, missi það sköpunargáfu sína. Það mun aðeins vinna innan rammans sem þú setur. Alltaf,“ sagði Per Skaugen Bleikelia, forstjóri Martina Hansens sjúkrahússins í Osló í upphafi Læknadaga 2019. Þeir voru haldnir í Hörpu dagana 21.-25. janúar. Hann sagði góð sambönd grundvöll góðs árangurs.

„Við þurfum sambönd. Við þurfum að tala við hvert annað,“ segir Bleikelia sem ferðast gjarna um á hlaupahjólum innan stofnunar sinnar „og segir hær“ svo fólkið viti að hann sé á staðnum. „Bein samskipti fara aldrei úr tísku. Þeim verður ekki skipt út fyrir samfélagsmiðla.“

### Fyrrum ráðuneytisstjóri

Bleikelia stýrði heilbrigðisráðuneyti Noregs á árum áður á tíma 6 heilbrigðisráðherra. Hann kom að stjórn við björgun á ungmennunum sem urðu fyrir hryðjuverki Breiviks 22. júlí 2011 og stýrði björgunarsveit Norðmanna þegar flóðbylgjan skall á Asíu um jólin 2004.

„Treystu böndin,“ sagði hann. „Gefðu fólki tækifæri til að tala frjálst og vertu viss um hvert þú vilt stefna,“ sagði Per. „Og ef þú vilt verða leiðtogi, þarftu að hafa margt fram að færa. Ekki verða leiðtogi ef þú hefur ekkert að bjóða.“

Bleikelia sagði mikilvægt að hlusta á ólík sjónarmið. „Fólk sem tjáir sig óheft er mikilvægast innan spítalans.“ Hann fari að ráðum föður síns: „Ég hlusta á fólk sem hefur aðrar skoðanir en ég.

Þaðir minn sagði mér að ég yrði að hlusta. Ef ég væri leiðtogi þyrfti ég að taka ákvarðanir sem yrðu betri ef ég þekkti öll sjónarmið.“

### Allir hlekkir í mikilvægri keðju

Bleikelia sagði hvert starf innan spítalans skipta máli. Öll væru þau hlekkir í að lækna fólk. Markmið hans væri að starfsfólk sæi að það væri partur af liðsheild sem þyrfti að skilja hvert grundvallarmarkmiðið væri: Að líkna sjúkum.

Hann sagði mikilvægt að mæla árangurinn. Sýna fólki hvernig það stendur sig. „Fólk tekur ríkari þátt ef þú segir þeim hver árangurinn er. Ef þú segir þeim það ekki mun það ekki vinna með þér. Þú verður að eiga samskipti. Ef þú gerir það ekki, vinnur fólk ekki fyrir þig,“ sagði hann.

„Virðið hvert annað og vinnið saman. Búið til sambönd og hafið skýr markmið. Gerið einfalda hluti,“ sagði Per sem hefur hlotið verðlaun sem stjórnandi. „Ég stjórna ekki til þess að vera vinsæll, ég stjórna vegna þess að ég hef trú á verkefninu og tel að ég vinni í mikilvægasta geira heimsins: að hjálpa fólki. Læknar vinna gullfallett starf,“ sagði Per Bleikelia að lokum.

**„Ég stjórna ekki til þess að vera vinsæll, ég stjórna vegna þess að ég hef trú á verkefninu og tel að ég vinni í mikilvægasta geira heimsins: að hjálpa fólki.“**